

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 25

Dags. 26.7.2011

Skipulags- og umhverfisnefnd 25. fundur haldinn í Kjarna 26.06.2011

Mætt eru: Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Þórunn Jónsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

1. Umhverfisskýrsla og greinargerð Þeistareykir.

Unnið að umhverfismati áætanna. Farið yfir drög að umhverfisskýrslu. „Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar. Drög að greinargerð – júlí 2011“

Nefndin gerir ekki aðrar athugasemdir en þær að við mat á skipulagskostum þurfi að koma fram mat á afturkræfni framkvæmda í samanburðartöflum eins og fram kom á fundi með hönnuði þann 08.07. síðastliðinn.

2. Vaðalheiðargöng framkvæmdarleyfi.

Tekin fyrir umsókn Vegagerðarinnar og Vaðlaheiðarganga hf., dags 4. júlí 2011.

Farið yfir drög að framkvæmdaleyfi, afstöðumyndir og teikningar vegna jarðganga- og vegafamkvæmda í Þingeyjarsveit, nánar tiltekið undir Vaðlaheiði og í Fnjóskadal.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún veiti framkvæmdaleyfið með þeim skilyrðum sem fram koma í drögnum.

3. Hof Flateyjardal.

Farið yfir afstöðumynd vegna fyrirhugaðrar aðstöðu- og skálabyggingar fyrir ferðamenn í landi Hofs á Flateyjardal.

4. Beiðni Vegagerðarinnar um efnistöku á 3 stöðum vegna vegbóta á Þjóðvegi 1 frá vegamótum við Kross að Hróteyjarkvísl

Námuheiti	Magn í rúmm.
Náma A, Ljósavatnsmelar	10.300
Náma B, Stóru-Tjarnir	3.800
Náma C, Ármót	2.800
Samtals	16.900

Þar sem fyrirhugað efnistökusvæði, Ljósavatnsmelar í landi Kross er ekki í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 til 2022 liggur fyrir fundinum tillaga að breytingu á Aðalskipulaginu, unnin af Mannviti Verkfræðistofu.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við breytinguna og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki breytinguna að uppfylltum skilyrðum laga um náttúruvernd nr. 44 1999.

Nefndin gerir engar athugasemdir við efnistöku í námu (Náma Stóru-Tjarnir) sem er efnistökusvæði E-19 í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar.

Nefndin telur að samkvæmt fyrirliggjandi uppdrætti frá Vegagerðinni sé hugsanlega verið að opna nýja námu við Ármót en þar sé ekki um efnistökusvæði E-17 að ræða samkvæmt Aðalskipulagi og beinir því til sveitarstjórnar að skoða málið nánar.

5. Endurnýjun aðrennslislagna við Laxárvirkjun.

Lögð fram til kynningar verkáætlun frá Landsvirkjun vegna endurnýjunar aðrennslispípu Laxárstöðvar II og endurbóta á jöfnunarturni.

6. Deiliskipulag Brekku.

Athugasemdafrestur vegna deiliskipulags íbúðarsvæðis (A) og ferðaþjónustusvæðis (B) í landi Brekku sem auglýst var 24.03.2011 er útrunninn og engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að hún samþykki deiliskipulagið og undirriti það.

Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir
Þórunn Jónsdóttir
Hörður Þór Benónýsson
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.